ásigkomulags Íslands kynni að vera nauðsynleg til að ákvarða stöðu þess í ríkinu, fyrri enn menn hafa heyrt (álit) Íslendinga um það mál á sérstökum fundi í landinu".

Voru nú grundvallarlög Dana gildandi stjórnskipunarlög fyrir Ísland? Sú spurning hefir hlotið að koma til mála milli konungs og ríkisráðs; og er það sjálfsagðr hlutr, hverju konungr muni hafa svarað um það efni; því að eitt er það sem konungum aldrei gleymist — réttindi þeirra sjálfra andspænis þegnunum. Konungr hefir hlotið að láta ráðið vita, að með því að hinn sérstaki alveldis-sáttmáli Íslendinga frá 28. júli 1662 væri enn formlega ófeldr úr lögum, þá væri hann og enn formlega gildandi stjórnskipunar-skrá fyrir Ísland; væri hann (konungr) því enn alvaldr konungr yfir Íslandi, þó einveldi hans í Danmörku væri lögbundið orðið. Þenna rétt gæti hann einn lagt niðr, þegar sér þóknaðist, enn af sér gæti enginn tekið hann, hvorki í Danmörku né á Íslandi. Það getr eigi milli mála farið að konungarnir Friðrik VII. og Kristján IX. hafa staðið fastir á þessum anglýsa rétti sínum andspænis ríkisráði; enda lýsir Kristján konungr sjálfr bert yfir þessu í boðskap sínum til Íslendinga 14. febr., 1874, þar er hann tekr það ekorinort fram, að hann hafi gefið þeim stjórnarskrá "af frjálsu fullveldi" sínu (fri Magtfuldkommenhed). Þetta frjálsa fullveldi getr ekki merkt annað enn alveldi það sem hafði verið konungs einka-réttr í Íslandi frá því 1662. Orð konungs merkja og enn fremr, að hann hafi gefið út stjórnarskrána svo sem alvaldr konungr yfir Íslandi, enn ekki svo sem stjórnskrábundinn konungr yfir Danmörku; sem þarað auki sannast af því, að hann kvaddi ríkisþing

því að á þeirri þrá ráðsins, að svo væn, eða ætli að vera, fór að brydda þegar er grundvallarlaga-smíðinu var svo langt á leið komið, að víst varð, að lögin yrðu samþykt;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dana til engrar samvinnu við útgáfu skrárinnar. Þegar konungr gaf út stjórnarskrána, feldi hann ekjallegu að fullu og öllu úr gildi stjórnskipunar skrána, alveldis, sáttmálann, frá 28. júlí, 1662, er í gildi hafði verið í 212 ár 6 mánuði og 23 daga. — Eftir framan sögðu er það ljóst, að ádrepnefnd konungar Íslands hafa veitt þeini skoðun, eða stefnu, að grundvallarlögin giltu fyrir Ísland, fasta mótstöðu; og var það ofr eðlilegt, að frá þeim kæmi sú mótstaða: hvernig áttu þeir að skilja í því, að þeir gætu tekti, og látið stjórna sama landinu ~~[illegible]~~ eftir tvenn (gagnstæðum) grundvallarlögum, ~~hvort öðru gagnstætt~~; á einum og sama tíma? Enda má og rekja það hæglega gegnum viðskiftasögu ríkisráðs (stjórnarinnar) við alþing, að ráðið sjálft ber aldrei við, að sanna, eftir skjallegum skírteinum, að grundvallarlög Danmerkr gildi á Íslandi. Það fer sona utan að því og leitar fyrir sér, hvort Íslendingar eigi leiðist sjálfir til að löggilda þau. Það er sannfært um, að ef það sjálft geri einarða tilraun að lögbjóða þau Íslandi, verði svar Íslendinga þver mótmæli með meanri óánægju á bak við. Enn það silangar til, að þetta geti þó gengið framm, þá krókótt, ef það getr eigi orðið beint. Og nú er því máli loksins komið þar, að Íslendingar hafa sampykt þá meginreglu grundvallarlaga Danmerkr, sem ríkisráð hefir sett inn í stjórnskrár-endrbótina sem nú er á dagskrá, að (ráðgjafi Íslands) skuli bera lög og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir upp fyrir konung í ríkisráði. Hvert orð í máls-

~~Það er ríkt að margsanna það, að alþing hefir engan lagarétt og því ekkert vald til að setja þessa klausu í stjórnskráf sína. Af því leiðir~~ ~~að konungi, (yðsta verðarðalands laga og réttar, má eigi ætla það, að hann~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Orsökin er tvenn; önnur óánægja, hin nefnd. Hin óánægja er sú, að löggjafar-valdi Danmerkr verðr eigi beitt til þess, að koma klausunni inn í grundvallarlög Íslands; kemst hún þú eigi inn í þau, nema alþingi byggi henni þar inn. Hinni orsökinni hefir ráðgjafinn sjálfr lýst með bersögulli hreinskilni.

grein þessarri (nema: ráðgjafi Íslands) er tekið úr 15. og 16. grein um grundvallar-laga Dana. Hvað ber nú til, að ríkisráð setr þessa klausu inn í stjórnskrár-frumvarpið? Það verðr að ~~hafa~~ stafa af einhverri orsök eins og hver annar hlutr. ~~Ráðgjafinn hefir reynzt sjálfr [illegible]~~. Hann segir berum orðum, að tilgangr frumvarpsins sé: "ekki, að losa Ísland stjórnarlega út úr hinu danska ríki". Slíkt fari "æði miklu lengra enn svo, að þessi eða nokkur önnur stjórn gæti séð sér fært að aðhyllast" það. Enn megin-undirrót þessa tilgangs setr hann skýrlega fram á þessa leið: — "Og návist hans (ráðgjafans) þar (í ríkisráði) yrði með öllu nauðsynleg þá, er vafi kæmi upp um það, hvort eitt eða annað af þeim málum, sem hann vildi hafa fram í ríkisráðinu, stofnaði eigi einingu ríkisins í hættu, eða kynni eigi að skerða jafnrétti allra danskra ríkisborgara." Enn það telr ráðgjafinn að geti "ekki komið til mála, að nokkur hinna ráðgjafanna færi að skifta sér af neinu því, sem er sérstaklegt mál Íslands"

Á þenna hátt gjörir höfundr ríkisráðssetu-ákvæðisins grein fyrir því, hvers vegna ~~hún~~ það sé sett í stjórnbótar-frumvarpið. Hans skýrsla í því efni, það sem hún nær, er hún ~~nema~~ bezta skýring yfir tilgang ákvæðisins sem engin verðr ~~[illegible]~~, því að hún er frumskjal og gildi hennar er — algildi.

hér mætti skifta efnir vill

Tilgangr frumvarpsins er þá: ~~eigi~~ "ekki að losa Ísland stjórnarlega út úr hinu danska ríki". Fyrst tilgangrinn er ekki þetta, þá hlýtr hann, eftir réttum hugsunar-reglum að vera sá: að halda Íslandi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnarlega fóstu í hinu danska ríki; því að losaðr verðr enginn hluti nema sá, sem er, eða menn telja (áðr) að sé, fastr. "Stjórnarlega" getr náttúrlega ekki þýtt annað enn: 'þar er um stjórn þess (Íslands) ráðir,' og gefr einkunnarorðið ("stjórnarlega") til kynna (glögglega), að það sé hið danska ríki, sem hafi fast stjórnhald á Íslandi og ætli þar um eigi að losa. En hvað merkir hið danska ríki hér? Ráðgjafinn er að réttlæta frumvarp til stjórnskrárbótar í sérmálum Íslands. Yfir þeim málum hefir löggjafarvald Danmerkr engin ráð; ber heldr og eigi við að beita (neinum ráðum yfir þeim), og alveg hinu sama gegnir um framkvæmdarvald Danakonungs, eins og sjálfsagt er; af engri löggjafarathöfn leiðir þráðbeint: engin framkvæmdarvalds-athöfn. En þegar rætt er um stjórnarhald ríkis á ríkishluta, og sér í lagi um stjórnarhald hins danska ríkis á Íslandi í sérmálum þess, þá getr ekki verið um annað að ræða enn það stjórnhald á Íslandi, sem löggjafar- og framkvæmdarvald ríkisins ætti að hafa yfir því. En nú höfum vér séð, að slíkt hald (af hendi hins danska ríkis) er ekki til í sérmálum landsins. Þar af leiðir þá aftr, að orð ráðgjafans, að tilgangr frumvarpsins sé: "ekki að losa Ísland stjórnarlega út úr hinu danska ríki," verða að þýða, að tilgangrinn sé: "ekki að losa Ísland stjórnarlega út úr hinu danska ríkisráði"; annars fæst ekkert vit út úr þeim. Það er líka svo sem auðvitað mál, að þessi er þýðingin, og engin önnur, í orðum ráðgjafans og "ráðsins", því að þá samsvara þau, uppá hár, fimmtugri stefnu, sem ráðið hefir (lauu) fast haldið fram og aldrei víkið frá. — Af ríkisráð ekki "títulera" sig andspænis Íslandi "hið danska ríki" er mjög merkilegt bergmál frá alveldis-öldinni, og vottar

~~Hér þarf eigi að fara orðum um það, að það stjórnhald hins danska ríkis-~~

Á það, að "ráðið", þótt það sé aðeins grundvallarlaga-stofnun fyrir Danmerkr ríki, þykist enn vera alveldis ríkisráð í sérmálum Íslands.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér getum nú gjört oss nokkurn veginn ljósa grein fyrir því, hvernig á þessarri stefnu ráðsins stendr, ef vér setjum oss sjálfa í spor þess og reynum, að líta á málið frá sjónarmiði þess. Þegar grundvallarlögin voru gefin út var enginn ráðgjafi til fyrir Island. Íslenzka stjórnardeildin hafði verið sett á laggir 8. des., 1848, og lögð undir innanríkis ~~stjórnarráðsins~~ ráðaneytið (síðar, 31. okt. 1855, var hún ~~lagin~~ feld til dómsmála ~~stjórnarráðsins~~ ráðaneytisins) að nokkuru leyti, enn að nokkru leyti undir kirkju og kennslumálaráðaneytið. Mál Íslands var sjálfsagt að bera upp fyrir Konungi í ríkisráði, eins og að undanförnu hafði verið venja og það gerðu þeir ráðgjafar er málin önnuðust. Þetta var hentugast eins og á stóð, og var náttúrlega ekkert nýtt fyrirkomulag, er fyrirskipað var (með grundvallarlögum Dana, heldr blátt áfram áframhald hinnar gömlu alveldisvenju. Satt er það, að menn-irnir sem með málum Íslands fóru, voru persónulega grundvallarlaga ráðgjafar fyrir Danmörku og ríkisráðið alt persónulega grundvallarlaga ríkisráð. Enn öll þessi afskipti danskra grundvallarlaga ráðgjafa af málum Íslands voru millibilsafskipti, sem eigi varð hjá komizt. Því að nú stóð fyrir hendi endileg ráðstöfun hins stjórnskipulega fyrirkomulags á Íslandi samkvæmt heitinu í konungsbréfi 23. sept. 1848. Nú fór um þjóðfundinn sem kunnugt er; ~~vilnisát af hálfu konungs, hleypti upp fundinum~~ konunum var hleypt upp í miðjum klíðum, mest fyrir það, að hann af tók að löggilda grundvallarlögin fyrir Ísland. Alt stjórnarfar í málum Íslands sat því í sama fari sem fyrri, og afskipti grundvallarlaga ráðgjafa Dana af málum Íslands voru enn sem fyrri millibilsafskipti og ríki konungs ~~enn sem fyrri alveldi~~ yfir Íslandi, alveldi enn sem fyrri.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ráðgjafarnir sem með Íslands mál fóru, smuðust þau eigi eftir neinum á-kvæðum grundvallarlaganna, heldr eftir þeirri fullveldisstjórnskrá frá 1662, sem ákvað ríki konungs yfir Íslandi. Því að óhugsanlegt er, að ráðgjafar konungs stjórni nokkuru landi hans eftir nokkurri annari stjórnskipunarskrá enn þeirri sem konungr ríkir í landinu eftir. Þetta er svo hádegisbjart mál, að óþarfi er að eyða orðum að því. Hið eina, sem þörf er að taka framm, er það, að öldungis eins og ráðgjafarnir, sem höfðu mál Íslands með höndum voru alveldis-ráðgjafar alvalds konungs yfir Íslandi, eins hlaut það ráð konungs, sem alveldisráðgjafar hans báru málin upp fyrir, að vera þá, er það lagði atkvæði sitt til Íslands mála, ~~að~~ ~~[illegible]~~ alveldis-ráð konungs, sem alvaldr ríkti í landinu, sem málin vörðuðu. En í þessum afskiftum sínum af Íslands málum gat ráðið ekki verið grundvallarlaga-ráð, því að þau lög voru ekki stjórnskrá fyrir Ísland, enda viðrkendi og konungr ~~[illegible]~~, að þau væri það ekki, þá er hann gaf Íslandi stjórnskrá af því sama trjálsa fullveldi sem hann átti yfir Íslandi allt millibils-skeiðið frá 1849 til 1874, eins og hann hafði átt alla tíð frá 1662. Úr því, að hann var enn alvaldr konungr, eins og hann segir sjálfr hann sé, yfir Íslandi, þá er hann gefr því stjórnarskrána, þá gefr það að skilja að hann gat ekki verið takmarkaðr konungr þar um leið eftir stjórnskrá sem Íslandi aldrei var gefin.

Þetta fullyrði konungs verðr enn þýðingarmeira, er þess er gætt, að ríkisráð sjálft samþykki, að konungr setti það í auglýsingu sína til Íslendinga 14. feb. '74.

I ~~málum~~ afskiftum sínum af málum Íslands 1849–1874 var því ríkisráð alveldisráð alvalds konungs á Íslandi, og mun það naumast láta fjarri, að grundvallarlaga ríkisráð Danmerkr, þá er stjórnarskrá Íslands

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kom til sögunnar, hafi þóttst vera búið að vinna sér einskonar hefðarrétt til alveldis-halds á málum Íslands, er það hafði svo sem alveldisráð þjónað alvöldum konungi Íslands að þeim í rúm 24 ár. Á þessa hátt einn get eg gert mér (það) skiljanlegt, að ríkisráð tituleri sig andspænis Íslandi 'hið danska ríki' og haldi svo fast á alveldis yfirráðum yfir málum landsins, sem raun ber vitni. — Ekki er nú víst rétt vér sjálfir hefðum gjört ~~það~~ hið sama, ef vér hefðum verið í sporum Dana stjórnar. Um það sannar nú ekkert.

Það, sem vér finnum að þessari stefnu ráðsins er það, að hún hefir á móti sér 1.) sögunna, 2.) ríkisrétt og landsrétt Íslands, (3.) ríkisrétt Danaveldis sjálfs, og — hvað sem mönnum nú kann að þykja það vega — 4.) réttlætingar Íslands ráðgjafa sjálfs fyrir ~~ríkisráð~~ ríkisráðssetu áðurnefnu.

Í viðbót við það, sem að framan er vikið á um 1.—3. atriði, má hér geta þess, að stjórnskrá Íslands gerir enda á alveldis-ráði konungs í Íslands (málum) (að sínu leyti öldungis eins og grundvallarlögin gjörðu enda á því fyrir Danmörku (í dönskum málum)). Þau settu upp (fyrir Danmörku) grundvallar-laga ráð í stað hins gamla alveldisráðs. Enn alvaldr konungr setti upp ráðgjafa fyrir Ísland í sérmálum þess í stað hins gamla alveldis-ráðs. Ráðið er svo algjörlega af numið, að það er ekki nefnt á nafn í stjórnarskránni. Um ráðgjafann tekur við skyldum og ígildu ráðsins, er sérstaklega er tekið fram, að hann skuli annast, að stjórnarskránni sé fylgt: að Íslendingar eigi fari út fyrir þau taknörk landsréttar er hún setr. Og sér maðr glögglega, að þetta allt stafar frá ásettu ráði löggjafans og ráðs hans; því að eigi má gleyma því, að ráð konungs samþykti stjórnarskrána áðr enn hans hátign staðfesti hana með nafni sínu.

Eftir framan sögðu er það ljóst, að grundvallarlaga (ríkis) ráð Danmerkr hefir enga löglega

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimild, d: enga heimild als til þess stjórnar-halds á Íslandi sem ráðherra Alberti segir að engin stjórn muni fást til að losa um. Hvað veit maðrinn um þetta? Ekkert! Hann veit sinn eiginn vilja þá, er hann ritar orðin. En er sá vili hinn sami nú og hann var þá? Það efast eg stórlega. Þetta margtekna non-possumus er orðinn sá húsgangur til vor úr Raudu Byggingunni, að vér erum fyrir löngu teknir upp á því, að taka ~~[illegible]~~ flakkaranum (eins og kunningja sem ~~[illegible]~~ ekki se gustuk að ~~[illegible]~~ (meinbægjast við, nærri því) þótt lítið verði um eiginlega gestrisni nema hjá Opportunistum?

Nú kemur Non-Possumus með þau boð, að návist Íslands ráðgjafa í ríkisráði sé "með öllu naudsynleg" þegar Íslendingar setja lög sem

1., vafi gæti komið upp um, hvort eigi mundu stofna eining ríkisins í hættu;

2., eða kynni eigi að skerða jafnrétti allra danskra ríkisborgara.

Ráðgjafi Alberti gerir ráð fyrir því, að Íslands ráðgjafi vili hafa framm í ríkisráði eitt eða annað mál af þessu tægi. Hvað ráðgjafinn skilr við einingu ríkisins lætr hann ekki uppi. En það er enginn vandi að sjá, hvað orðið gæti skynsamlegast þýtt. Það þýðir það, sem fólgið er í ákvæði stöðulag-anna:—"Ísland er óaðskiljanlegr hluti Danaveldis." Það er sameiginlegt mál, sem þegar er til lykta leitt, og engin lögsetning alþingis ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ má snerta við, né nokkur Íslendingr óskar, að við sé hróflað. En af ráðgjafinn hefir í huga þá einingu ríkisins, sem stafar af því, að grundvallar-laga-ríkisráð Dannerker leyfir sér, utan laga, at hafa endileg úrslit um "lög og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir" í sérmálum Íslands, þá virðist oss, satt at segja, að hans Ágæti sé að tala upp úr svefni. Því að þetta er einmitt einingin sem ríkisráð sjálft játar ~~[illegible]~~ að ekki eigi sér stað, með því,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fala af alþingi stjórnskrár-ákvæði, er lögheimili þessa einingu ríkisins af Íslands hálfu!

Hitt, að Íslendingar fari að beita löggjafarvaldi sínu til þess, að misbjóða eða niðast á jafnrétti allra danskra ríkisborgara s: fari að setja Danmörku (ójafnaðar) lög, er sagt af því rjúkandi óráði sem alsendis er ótúlegt, að yfir falli nokkurn mann, þann er vitandi er vits síns.

Og sá Búsetti, sem undir embættiseiði ábyrgist af konungshálfu að stjórnarskrá Íslands sé fylgt, honum er ekki treystandi til, að sjá um, að alþing verði ekki svo bandvillaust, að rjúka út í aðrar eins gönur og hér er gert ráð fyrir!

Nú gefr á að líta, hvað orðið er úr þeim ástæðum ráðgjafans, sem gjöra það "með öllu naudsynlegt" að ráðgjafi Íslands beri sérmál þess upp fyrir ríkisráði.

Nei; mál af þessu tægi geta aldrei orðið nokkurum Íslands ráðgjafa að erindisrekstri í ríkisráði Dana.

Þá eru nú eftir hin sérstaklegu mál Íslands, sem "ekki getr komið til mála, að nokkur hinna ráðgjafanna færi að skifta sér af". Þetta eru einu málin, sem ráðgjafi Íslands hefði til flutnings fyrir konungi. Hvaða meining væri í því, að bera þau upp fyrir dönsku ríkisráði? Jú, náttúrlega, ef vér ekki misskiljum hans Ágæti, hr Alberti, að þá væri einingu ríkisins borgið. Það er sú ódýrasta ríkiseining sem til vorrar vitundar hefir enn komið; kostar verndara hennar bara það, sem hann ómögulega getr gert af: (sökum fáfræði) að þegja!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og þó viðrkennir ríkiseiningarverndarinn að þenna háa einkarétt eigi hann ekki, að lögum; mangar því til við alþing að lögheimila sér hann með ~~ríkisráðsins~~ ákvæði í stjórnskrá Islands — sér, al-út-af-fyrir-sig danskri grundvallarlaga stofnun — er skipar ráðgjafa Islands til sæti ogsýslu í þessari dönsku stofnun, þvert ofan í

1., stöðulög, 3. grein

2., stjórnskrá Islands, 1. grein

3., grundvallarlög Dana 15. og 16. grein. sbr. 7. gr.

og svo áréttar 'agent' verndarans, K. yfirdómari Jónsson, allt þetta með því, að fari löggjafarvald Islands og konungr Dana ekki þessari ..... löggjöf fram, þá megi allir vera fullvissir um, að um bein banaráð við stjórnbótarmálið sé að tefla!

"Du weisst nicht, wie grob du bist, mein freund!" (Faust).

Rauðumskjaldi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björnes.

1. Freistandi hafsins holtæflur á
og hnotar á fallandi bárur,
og aldrei þér skelfist hinir álgandi sjó
né andvörpin hafgalin sárs.
Og veit, þú átt lognið og leiftrandi sól
og lifgandi fossanna niðinn,
og fugla sem syngja við blómsanna bál
og blessaðan vornætur friðinn.

2. Freistandi bárur í framsóknar hug
sín fjörugu syngja þér kvæði
um æfinn þín legnda, í dvalanum dug,
sem dreymandi bíður um næði.
Í framsóknar stríðinu brestur þann bónd
sem brynjuð máttu hann og anda.
Ónumin framtíðar líður hann lönd
og langar að neyta þess handa.

3. Þín fjaðmögn ógnaddi svífandi sár
þau segja oss frá dögunum köldu,
hve bágt var að lifa þann ævinnar ár
sem ylgeisla sérhverja földu.
En eskimar vorblóm á vöngum þer kól
þá vissi vordís var sjón þeimi falin
en hel kaldur drifbakinn hjúpadi sál
og herskildi fór yfir dalinn.

4. Þín stórfeld er náttúra, fögur og fjölsk
og frelsi þitt engin má taka,
þó fætur hvítar bylji þér fljúgi um háls
um fjöllin og gaddinum vaka.
Og dæmt hún gefur þeim dáðlausa lýð
sem dofnar und fangins þunga,
at skerpa sig, stælast í harmanna hríð
og hrista af sér vanlegoin drunga.

5. Í vestrinu hafjöllin blikar á blá
þar belgjaraft hamraman vindur,
en lækkandi kveldsólin lítur at sjá
og grátröf at emi þeim bindur.
Þar mynd sína líta í logn bárur skjáldu
með gjótofnum faðmhvítum hjúpi,
er skjálfandi sýnir um sólarlegt kvöld
í sofandi bárunnar djúpi.

6. Sæbörð og vogskorin sveitin mín er
hvar sæfugla bragurinn ómar;
mörg sund gáfu í austrinu mér
þeir inndælu fjörlegu hljómar.
Í lívar lindin, sér klettanna leikur við stall
og líður að fjörunni niðri,
og hnotar á bárunnar kvakandi kall
oft kætir sú hreimfagri niður.

7. Ríð bylgjurnar hamast og bæla hvert strá
sem blaktir í dalanna leynum;
hvallkaldur titrandi hljómar berst frá
þeim hringuðu skógvidar-greinum.
Þó stormur nú velki, sú von þó ei flýr, —
þar vakir í hugannum þráin, —
at aftur hann verði þá hressandi hlýr
og hjali við nýfæddu stráin.

8. Hver mun þó fegurri sjón en at sjá
þann svipmikla algræna tanga,
er vorið oss heilsar með brosandi brá
og blíðlega strýkur hans vanga.
Hlíð vikrandi, hressandi, vorlúfi blær
allt vermir og klakann burt tekur;
í tíðni hvar stendur hins blómlegi bær
þar blómin af dvalanum vekur.

5.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Í anda eg skoða þitt forlidar fríð
svo fá skrýtt í sögunnar heimi,
því örlagsins merki, þar eygir mín sjón
þó alstaðar skuggamiðr sveimi.
Já, af einu í lífinu aðeins nú
en engin frá gullaldar dögum,
því hyldjúpi gleymskunnar geymast þann í
með glóðunum fornaldar sögum.

10 Já, aft vorsins gæfunnar ólukka barn
en ei um þat stoðar af næra,
því framtíð í gleymskunni grefur þat hjarn
og gull mun ei verðsins bæta.
Lúð segir af efni lík eyðist í glóð,
sem engum var nauðsynar dulið.
Vér vissum þat ei, af þú ætlir þann sjóð
er óþrotinn sigrat gat kulið.

11. Svo þegar minnist ég sveit mín á þig
þá sé ég mitt umfarna skeiðið.
og minningar birtast um blágrýtis-stig
og bernskunnar þögula leiðir.
Þó væri mér stundum á vegum þeim kalt
þá valkir þú ávl mér í huga:
Þá stað hvar æskunnar vagga mín vall
ei vil ég sjá skuggana buga.

12. Á meðan af hitanum í æðum þín átt,
og aldan við strönd þinna sýngur,
og lindirnar hjala við bergið þitt blátt
og bifast í fjallanna hringur.
Blæviðrir framfara þíni þér hjá
með blossandi einingar reða.
Þeir gróði hér fagra sem fellur á dá
og fjötri hvern sundrungar boða.

Ben. Sigmundsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Utanför Jóns Jenssonar.

Eins og búast mátti vid varð „Fjórólfsálitid ótt og uppvægt, er það heyrdi, að Jón Jensson yfirdómari ætlaði sér að leitast fyrir um skýringar og samanir í þrætu þeirri, er geysað hefir hér í landinu ~~Af~~ um merking ríkisráðsákvæðisins o. fl. í stjórnarskrárfrumvarpi síðasta alþingis.

Engum, sem athugað hefur vel aðferð „Fjórólfs" og klíku hans að undanförnu, getur furðað sig á því, þó úr þeirri átt verði barist á móti því að fá samleikann leiddan í ljós um þetta meginatriði stjórnarmálsins. Hyggjuvit þeirrar klíku er því eigi til fyrirstöðu jöfnum höndum að staðhæfa að fylgi þeirra vid stjórnarskrármálid byggist á því, að landsréttindi vor sé óskert eftir sem áður og að þeir fylgi málinu samt eins fyrir því, þó samað yrdi hid gagnstæða, að með frumvarpinu væri fyrirgert sérstökum landsréttindum vorum. Og samvizkusemi klíkumar er því heldur ekki til fyrirstöðu, að ~~þeir~~ játa með þessu opinberlega bæði að þeir halda fram málinu jafnt, hvort það álítzt rétt eda rangt og að þeir vilja af fremsta megni hindra heidarlegar og réttlátar tilraunir til þess að koma hinu sanna í ljós um þrætuefnid.

Hver sem les eda fer sig til að líta á endileysur „Fjórólfs" um stjórnarskrármálid þá því er kam komst í hendur innlimunarklíkumar, getur fljótlega áttað sig á því, að blaðid lætur sér aldrei annt um að svara namlega eda skynsamlega einni einustu röksemd frá andstæðingum sínum, heldur er hitt ætíd aðalatriðid fyrir „Fjórólf" að slá fram getgátum um það frá hverjum röksemdirnar séu komnar. Og þessvegna er heldur ekki að búast vid því, að „Fj." láti sér nú neitt annt um að ~~skýra~~ láta uppi fyrir lesendum sínum til hvers ferð Jóns Jenssonar gæti leitt, um skýringar á málinu sjálfu, heldur verður það í „Fjórólfs" stíl aðalatriðid að dylgja um ~~af hvötum hvers flokks eda flokks manna teknir~~ hvort ferð hans muni hafa verid gerð eftir hvötum annara, og þá hver flokkur eda hverjir flokksmenn hafi hvatt til þessa.

Í árásagreinum „Fjórólfs" út af þessari ferð yfirdómarans eru innilega sameinud megineinkenni hins nýja stjórnarblaðs, er hefur boðid sig fram á markaðinum til þess að gerast máltól innlimunarklíkunnar þegar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hún hefur fengiđ fé og völd í skiftum fyrir réttindi Íslands. Grunnhyggni og skortur allra hæfileika til þessađ leiđa rök ađ nokkurri skođun um nokkurt málefni tvinnađ saman viđ gengdarlausa óþyrlertni í því ađ draga fjöđur yfir samleikann eđa halda ósamindum fram, auđkenna þetta síđasta tímabil stjórnarblađsins nýja. En hvergi mun blađiđ þó hafa neglt sig öllu greinilegar í augsýn allra réttsýnna manna, heldur en í árásunum á hr. J. J. fyrir þađ, ađ hann vill reyna ađ fá samleikann leiddan í ljós í hinu mikilvægasta deiluatriđi í þeirri baráttu um stjórnarskármáliđ, sem Íslendingar sjálfir hafa háđ hverir gegn öđrum.

Þess er vert ađ geta í sambandi viđ frankomu innlimunarblađsins í þessu efni, ađ kjörd~~æmi~~ ritstjórans sjálfs hefur á þingmálafundi 20. þ.m. beinlínis lýst því yfir, ađ stjórnarskrárfrumvarp síđasta þings óskist því ađ eins samþykkt ađ þingmennirnir sjái enga hættu stafa af því fyrir sérréttindi Íslands. Hvađ segir hiđ sama kjördæmi um þáađferđ þingmanns síns ađ berjast gegn því af alefli ađ þingiđ fái ađ vita hiđ sanna um þađ atriđi ađur en fullnađarsamþykkt er lögđ á stjórnarskrárfrumvarpiđ?

Þađ er imilega líkt stíl „Þjóđólfs" er hann í síđustu greinunni um utanför J. J. fárast um, ađ með henni sé stofnađ í hættu „árangrinum(!) af 20 ára baráttu". Fyrir „Þj." er þađ ekkert íhugunarefni hver árangurinn er, hvort hann er uppgjöf landsréttindanna og afnám þess vísis til þjóðlegs sjálfstæđis, er felst í gildandi stjórnarskrá landsins. Í „Þj." máli er þađ eitt nægilegt, ađ flagga og glamra með orđin tóm, árangurinn af baráttunni! En kjósendur ritstjórans hafa litiđ skynsamlegar á þetta mál, þeir vilja ekki þiggja þenna „árangur", nema því ađ eins ađ hættulaust sé fyrir þjóđréttindi vor. Og ekki er þađ ótúlegt, ađ hinir sömu kjósendur ~~beri einnig betra skyn á ađ dæma rétt lítlega um ađdráttarafl, getsakir og persónulegar skammir í þeim greinum~~ en þingmađurinn, þeirra „Þj.", ~~er eiga ađ gilda fyrir góđa vönu~~ séu einnig glöggskyggnari, heldur en þessi fulltrúi þeirra á þađ, hve léttar verđa á metunum allar dylgjur hans, getsakir og persónulegar skammir, þegar rannsaka á, hvort þettulegt er eđa hættulaust ađ samþykkja til fullnađar frumvarp dönsku stjórnarinnar.

Ritstj. „Þj." hefur opinberlega játast undir þá meginregli ađ halda því einu fram í opinberum málum, er hann álítur í þann og þann svipinn líklegast til þess „ađ ganga í fólkiđ." Sama er ađ segja umađferđ hans alla og ritháttt. Þar er farić einungis eftir því, hvađ líklegast er til þess ađ ausa flokkaóvild og blása ađ einhliđa, vilhallri skođun á lands

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málum hjá þeim hluta almennings, sem lakast er fær um að greina hið rétta í þjóðmálum. En atti nú ekki rítstj. „Þj.“ ~~hann~~ sem virðist hafa nokkra hæfileika í þá átt, að laga sig eftir lægsta smekk hinna fáfróðustu lesenda sinna, að sjá og skynja, að þessi síðasta aðferð hans gegn „Landvarnar“mönnum og utanför Jóns yfirdómara fer þó of langt niður fyrir markið, að hún er svo líðalg, að ~~engum~~ hver réttsýnn maður ~~getur komist hjá því~~ hlýtur að snúa sér þar frá með andstyggð. Andstöðingur Valtýskunnar og aðalverndari hins þjóðlega stjórnmálaflokks gegn pólitík Dana, er kominn svo langt á hringferð sinni ofan í sínar eigin skoðanir, hefur svo rækilega snúið út á sér rangabörðinu, að hann er tekinn að brixla mótstöðumönnum sínum og ráðast á þá með opinberum ávítunum fyrir það, að þeir vilji vita, hvort oss stafar hætta af stjórnarvaldboðinu danska eða ekki.

Skyldi það ekki reynast svaðkjósendur í Árnessýslu létu þenna mann sjá það einhvern tíma, að þarna hefur hann þó skotið niður fyrir markið?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur